



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um könnun á starfsemi skólaráða

Á fundi borgarráðs sem haldinn var 28. mars 2019 var samþykkt að vísa meðfylgjandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að starfsemi skólaráða í grunnskólum Reykjavíkur verði könnuð með það að leiðarljósi að skoða hversu lýðræðisleg starfsemi þeirra er með tilliti til þess að hlustað sé á rödd nemenda og tekið mark á þeirra framlagi til betra samfélags í grunnskólum borgarinnar.

Árið 2016 skilaði starfshópur um samráð við foreldra í skólahaldi í leik- og grunnskólum niðurstöðum sínum, en samkvæmt erindisbréfi voru helstu hlutverk starfshópsins að finna leiðir til að auka samráð við foreldra varðandi meiriháttar ákvarðanir sem tengjast skólahaldi í grunnskólum og leikskólum borgarinnar. Meðal verkefna starfshópsins var gerð ítarlegrar könnunar á framkvæmd skólaráða. Eins og sjá má í [skýrslunni](#) er megin niðurstaðan sú að starf skólaráða og foreldraráða virðast ekki vega þungt og vísbendingar voru um að fulltrúar þeirra upplifi minni tilgang með setu sinni þar en löggin gera ráð fyrir. Starfshópurinn benti á nokkrar leiðir til að auka virkni og aðkomu skólaráða í grunnskólum borgarinnar. Þar er helst að nefna gerð handbókar fyrir skólaráð.

[Handbók um skólaráð fyrir skólaráð](#) kom út 2017 og var unnin í samvinnu Sambands íslenskra sveitarfélaga og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur með aðkomu SAMFOK og mennta- og menningamálaráðuneytisins. Markmið handbókarinnar er að efla skólaráðin með því að skýra frá því hvert hlutverk þeirra er og benda á hagnýtar leiðir sem skólaráð geta haft til hliðsjónar í störfum sínum. Handbókin var kynnt á fundi skólastjóra og einnig með pósti til þeirra. Heimili og skóli og SAMFOK stóðu fyrir kynningum fyrir foreldra og nemendur og héldu námskeið fyrir umrædda hópa.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort og hvernig skólar og skólaráð nýta sér handbókina í störfum sínum. Tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um könnun á starfssemi skólaráða gæti verið best mætt með því að kanna í næstu spurningarvögnum skóla- og frístundasviðs hvort og hvernig handbókin hafi skilað tilgangi sínum.